

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd

Reykjavík 6. janúar 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (réttindaávinnsla og breytt framsetning). Þingskjal 675 – 533. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ellen Calmon,  
framkvæmdastýra

## Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til breytinga á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (réttindaávinnsla og breytt framsetning).

Barnaheill þakka fyrir boðið um að senda inn umsögn við ofangreint mál.

Samtökin styðja breytta framsetningu laganna og telja hana leiða til aukins skýrleika. Barnaheill vilja þó koma eftirfarandi á framfæri:

### **Börn öryrkja í mestri hættu á að búa við fátækt**

Börn öryrkja og greiðsluþega eru í mestri hættu á að búa við fátækt og félagslega einangrun. Því þarf að skoða barnalífeyri í því samhengi að börn þessara hópa hafi sömu tækifæri og önnur börn, þ.e til að stunda íþróttir og aðrar tómstundir, njóta menningar og lista og að réttindi þeirra samkvæmt barnasáttmala Sameinuðu þjóðanna séu tryggð. Óljóst er við hvað upphæð barnalífeyris er miðuð og hvort hún tryggi þau réttindi.

Mikilvægt er að leiðbeiningskylda stjórnvalda sé virt þannig að börn og fjölskyldur þeirra fái þann rétt uppfylltan sem þau eiga í lögum. Að mati Barnaheilla mætti einfalda orðalag laganna enn betur svo allir foreldrar geti skilið það því það varðar mikilvæg réttindi barna á framfæri foreldra á örorku- eða ellilífeyri.

Mikilvægt er að málefni ungra öryrkja séu sérstaklega skoðuð og þá að þeir eigi kost á gjaldfrjálsri virkri endurhæfingu, sálfræðiþjónustu og öðrum stuðningi, til að líf þeirra geti verið sem innihaldsríkast, burt séð frá því hvort þeir muni fara á vinnumarkað eða ekki.

### **Mat á áhrifum á börn skortir**

Barnaheill vilja koma því á framfæri að mat á áhrifum á börn skortir með öllu í greinargerð með frumvarpinu en slíkt mat ætti að fara fram skv. 3. grein Barnasáttmálans þar sem segir að ákvarðanir sem varða börn skulu teknar með það sem þeim er fyrir bestu að leiðarljósi. Til þess að komast að því hvað barni er fyrir bestu þarf að fara fram mat á áhrifum ákvörðunar og það virðist ekki hafa verið gert. Barnaheill kalla eftir að mat á áhrifum frumvarpsins á börn fari fram og að grein verði gerð fyrir niðurstöðum matsins.

Að endingu vilja Barnaheill leggja til að í stað orðsins greiðsluþegi verði notast við orðið greiðsluhafi. Að mati samtakanna horfir það til aukinnar mannvirðingar þess sem fær greiðslur frá Tryggingastofnun að vera ekki nefndur „þegi“ eða þiggjandi. Þeir sem fá greiðslur frá Tryggingastofnun eiga rétt á framfærslu, skv. 76. grein stjórnarskrár ef þau geta ekki, vegna örorku eða af öðrum ástæðum, aflað nægra tekna sér og fjölskyldu sinni, sér í lagi börnum, til framfærslu.

Barnaheill vinna að bættum réttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllum sínum störfum.